

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 143/2015**

2016/EES/69/14

frá 11. júní 2015

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 frá 24. október 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014 frá 21. nóvember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2003 að því er varðar kröfur um smíði ökutækja og almennar kröfur vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 falla úr gildi, frá og með 1. janúar 2016, tilskipun ráðsins 93/14/EBE <sup>(4)</sup>, tilskipun ráðsins 93/30/EBE <sup>(5)</sup>, tilskipun ráðsins 93/33/EBE <sup>(6)</sup>, tilskipun ráðsins 93/93/EBE <sup>(7)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB <sup>(8)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB <sup>(9)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/7/EB <sup>(10)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB <sup>(11)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/51/EB <sup>(12)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/62/EB <sup>(13)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB <sup>(14)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/78/EB <sup>(15)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/79/EB <sup>(16)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/80/EB <sup>(17)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/139/EB <sup>(18)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum frá og með 1. janúar 2016.
- 5) Af hagkvæmniástæðum skal endurtölusetja gerðirnar sem taldar eru upp undir fyrrisögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í I. kafla II. viðauka.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 7, 10.1.2014, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 25, 28.1.2014, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB L 121, 15.5.1993, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 11.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 32.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB L 311, 14.12.1993, bls. 76.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. EB L 52, 8.3.1995, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. EB L 226, 18.8.1997, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjútíð. EB L 106, 3.5.2000, bls. 1.

<sup>(11)</sup> Stjútíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

<sup>(12)</sup> Stjútíð. EB L 252, 20.9.2002, bls. 20.

<sup>(13)</sup> Stjútíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 20.

<sup>(14)</sup> Stjútíð. ESB L 222, 25.8.2009, bls. 1.

<sup>(15)</sup> Stjútíð. ESB L 231, 3.9.2009, bls. 8.

<sup>(16)</sup> Stjútíð. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 29.

<sup>(17)</sup> Stjútíð. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 16.

<sup>(18)</sup> Stjútíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 3.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 45zzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012:
  - „46. **32013 R 0168**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).
  - 46a. **32014 R 0003**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 3/2014 frá 24. október 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 7, 10.1.2014, bls. 1).
  - 46b. **32014 R 0044**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 44/2014 frá 21. nóvember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2003 að því er varðar kröfur um smíði ökutækja og almennar kröfur vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtið. ESB L 25, 28.1.2014, bls. 1).“
2. Texti liðar 45h (tilskipun ráðsins 93/14/EBE), liðar 45i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/80/EB), liðar 45j (tilskipun ráðsins 93/30/EBE), liðar 45l (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/79/EB), liðar 45m (tilskipun ráðsins 93/33/EBE), liðar 45n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/139/EB), liðar 45p (tilskipun ráðsins 93/93/EBE), liðar 45q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/62/EB), liðar 45s (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB), liðar 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB), liðar 45z (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/7/EB), liðar 45za (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB), liðar 45zb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/51/EB), liðar 45zv (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB) og liðar 45zw (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/78/EB) falli brott frá og með 1. janúar 2016.
3. Liðir 46 (fallinn brott) til 48 (túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar 2007/C 68/04) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ eru endurtölusettir sem 1. til 3. liður.

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og framseldra reglugerða (ESB) nr. 3/2014 og (ESB) nr. 44/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**  
formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.